

FLAF fundur 18. janúar 2017

Mættir voru. Kjartan Kárason, Sigurlaug Guðmundsdóttir,
Guðrún Ólafsdóttir, Einar Ragnar Sigurðsson
Trygvi Þórðarson og Hjalti Elíasson

Boðað var til stjórnarfundar eftir að Hjalti Elíasson, fulltrúi FLAF í stjórn SR hafði samband og vildi færa okkur nýjar fréttir af gangi mála um sölu ríkisins á jörðunum Fell og Krókur.

Þetta var eina málið sem rætt var á fundinum. Ekki gafst tími til að taka önnur mál fyrir, og sýnir það mikinn áhuga stjórnarmanna á málinu.

Hjalti kynnti fyrir okkur sölu/kaup samning sem verið er að vinna með, fyrir utan ýmis atriði sem enn eru leyndarmál. Eftir ýmsar vangaveltur var ákveðið að hafa engin afskipti af málinu. Aðeins að fylgjast með og gæta okkar hagsmuna í gegn um Hjalta.

Fundi var slitið kl. 22.15